



Alþingi
Erindi nr. P 139/1231
komudagur 7.2.2011

STOFNUN VILHJÁLMS STEFÁNSSONAR

STEFANSSON ARCTIC INSTITUTE

Umsögn fyrir Utanríkismálanefnd Alþingis

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, 337. mál.

Frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Norðurslóðir hafa fengið aukið vægi í alþjóðlegri umræðu undanfarin ár og tengist það ekki síst hnattrænum umhverfisbreytingum og áhrifum þeirra á svæðinu. Gera má ráð fyrir aukinni sókn í auðlindir og umhverfisgæði norðursvæða og aukinni skipaumferð því samfara en þau tækifæri sem þar gefast eru ekki án áhættu fyrir haf- og strandsvæði og þá ekki síður fyrir samfélög svæðisins sem mörg hver byggja afkomu sína á nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Jafnframt hefur hækkandi hitastig með bráðnun íss og styttri og mildari vetrum í för með sér tækifæri sem tengjast t.d. orkuöflun, landbúnaði og ferðamennsku. Þær breytingar sem núverandi kynslóðir eru vitni að eru hnattrænar með svæðisbundnum afleiðingum og aðlögun, en tengjast einnig frumkvæði fólks á svæðinu sem birtist í aukinni sjálfstjórn og menningarlegri vakningu. Þessar breytingar eru margbættar, flóknar og samtvinnaðar og kalla á rannsóknir, vöktun og alþjóðlegt samstarf á öllum sviðum umhverfis og samfélagsþróunar þannig að sem best þekking liggi til grundvallar við ákvarðanir um framtíð norðurslóða.

Í tillögunni er að finna margar ágætar hugmyndir og umræðu um norðurslóðamálefni. Hugtakið er þó ekki skilgreint sérstaklega nema hvað lögð er áhersla á að alþjóðasamfélaginu sé ljóst að Ísland tilheyrir norðurslóðum og því beri að líta til fleiri þátta en einvörðungu landfræðilegrar legu með tilvísun í norðurskautsbaug. Norðurskautsbaugur ákvarðast af gangi himintungla og enginn Íslendingur með varanlega búsetu á íslensku svæði fyrir norðan nyrðri enda flugvallarins í Grímsey. Eðlilegt er að vísa til þeirra skilgreininga sem eru viðfeðmari og taka til sögulegra og samfélagsmenningarlegra þátta og samnefnara arktískra samfélaga sem eiga tilveru sína gjarnan undir sjálfbærri og félagslega ábyrgri nýtingu á lifandi náttúruauðlindum og dýrastofnum í hreinu og óspilltu umhverfi. (1) Þá gildir að fyrir hendi sá skilningur á mannvistfræðilegum forsendum og rétti norðurslóðabúa til að sjá sér farborða í samræmi við eigið verðmætamat, menningu og mat á auðlindum. Það atriði verður sífellt mikilvægara með aukinni ásókn, áhrifum og áhuga sterkra þjóða og bandalaga sunnar á hnettinum í norðurvegi.

Hér á Íslandi hefur ekki verið sérstök umræða um hvað hugtakið norðurslóðamálefni stendur fyrir og því rétt að varpa fram vinnuskilgreiningu: Íslensk norðurslóðamálefni snúa að rannsóknum, vöktun, fræðslu og almennri umræðu sem tengjast sérstakri og sameiginlegri náttúru, samfélagsmenningu, atvinnuháttum og sögu norðurslóða í alþjóðlegu samhengi.

BORGUM VIÐ NORÐURSLÓÐ • 600 AKUREYRI

SÍMI 460 8980 • FAX 460 8989 • www.svs.is

Tillagan inniheldur m.a. metnaðarfullar hugmyndir um uppbyggingu nýrra miðstöðva og rannsóknasetra og eflingu vísinda og fræða um málefni norðurslóða. Það er gleðilegt að heyra. Rétt er þó að benda á það fjölbætta og hlutfallslega öflugra starf sem þegar er innt af hendi við fjölda stofnana og verkefna hér á landi og sem jafnvel hefur vakið alþjóðlega athygli og viðurkenningu. Sumar þeirra stofnana sem þegar hafa það sem sitt hlutverk að sinna fræðastarfi á vettvangi norðurslóða búa við afar þröngan kost og er ekki séð fyrir endann á áframhaldandi niðurskurði. Árangursríkt starf hefur hins vegar skilað sér í drjúgum styrkjum erlendis frá, t.d. mun upphæð slíkra styrkja við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar árið 2011 nema hærrí upphæð en framlag úr ríkissjóð. Slíkar sértekiur eru hins vegar stopular og ekki þess eðlis að hægt sé að á árangursríkastan hátt að byggja upp varanlegan mannauð og atgervi til að takast á við veigamikil alþjóðleg verkefni sem skipa þjóðinni þann sess sem sóst er eftir. Það er því ánægjulegt og spennandi að tillagan geri ráð fyrir stóruáskunni áherslu uppbyggingu á sviði norðurslóðamálefna hvað varðar rannsóknir og þátttöku í alþjóðlegu. Tillagan virðist mest horfa til nýrra verkefna og jafnvel miðstöðva, rannsóknasetra og menntastofnana, og því nauðsynlegt að minna á að fyrir hendi er margvíslegt rannsóknastarf, fræðasetur og klasasamstarf stofnana og fyrirtækja. Dæmi um slíkt klasasamstarf er t.d. að finna á Akureyri. Einnig og ekki síður er rétt að minna á mikilvægi langtíma vöktunar sem þarf að hlynna að og efla, en vöktunarverkefni eru nauðsynlegur liður vísindarannsókna og um leið snar þáttur í upplýstri stefnumótun.

Íslendingar hafa þegar haslað sér völlu í alþjóðlegu samstarfi norðurhjarans og hér eru reglulega haldnir fundir og ráðstefnur sem vekja enn frekari athygli á umsvifum, innlendri getu og reynslu til þátttöku á jafnræðisgrundvelli við sköpun þekkingar og samstarfs sem sameiginleg viðfangsefni og vandamál samfélaga svæðisins kalla á. Um næstu sumarsólstöður verður t.d. haldin á Akureyri 500 manna ráðstefna Alþjóðlegu norðurslóðasamtaka félagsvísindamanna en þá ráðstefnu skipuleggur aðsetur samtaka, IASSA, (sjá www.iassa.org) sem hefur starfað innan veggja Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar síðustu misseri, í samstarfi við stofnunina, Háskólann á Akureyri, Akureyrarbæ, Rannís, Arctic Portal, Rannsóknarþing norðursins og Ferðaskrifstofa Akureyrar.

Varðandi innlent samstarf ber að vekja athygli á nýlega endurskipaðri Samvinnunefnd um málefni norðurslóða sem hefur það hlutverk að leiða saman þá aðila á Íslandi sem sinna norðurslóðamálefnum og stóð m.a. í desember 2010 að Norðurslóðadegi í Norræna húsinu í Reykjavík þar sem fjallað var á þverfaglegan hátt um framlag og verkefni íslenskra aðila sem koma að rannsóknum, menntun, vöktun og alþjóðlegri samvinnu á norðurslóðum. Þessi nefnd ætti að geta verið stjórnvöldum gagnleg sem faglegt bakland.

Mikilvægar ábendingar í tillögunni snerta þörfina fyrir virkan samráðsvettvang þar sem áhersla væri á að virkja þá aðila sem þegar hafa sýnt og sannað að þeir búa yfir þekkingu, reynslu og samstarfsgetu á þeim sviðum sem um ræðir, á vísindarannsóknum, vísindastarfi, þekkingarmiðlun, umhverfis- og samfélagsvöktun. Með þessu mætti einnig stuðla að lýðræðislegri samræðu ólíkra samfélagshópa um sjálfbæra framtíð og þar með uppbyggingu á heildrænu öryggi svæðisins.

Áherslan á stuðning við málefni og mannréttindi frumbyggjahópa er einnig mikilvæg og lýsir skilningi á aðstæðum frumbyggja í flóknum samskiptum við mismunandi aðstæður á svæðinu. Þessi afstaða er einnig brýn innan Norðurskautsráðsins þar sem rödd frumbyggja er sterk og er að ýmsu leyti samhljóma við hagsmuni og hugmyndafræði smárrar þjóðar sem háð er samvinnu og samstarfi vegna nýtingar og verndar náttúru og náttúruauðlinda.

(1) Sjálfsagt er að vitna til þeirrar skilgreiningar sem fram kemur í Arctic Human Development Report (AHDR) sem var forgangsverkefni í formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2002-2004 þar sem Ísland, eitt norðurskautsríkja, er allt skilgreint sem hluti norðurslóða. Það viðamikla verkefni hefur hlotið sérstakt lof og til dæmis má nefna þá miklu viðurkenningu sem felst í því að Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) notar AHDR sem fullgilda svæðisskýrslu með öllum þeim fræðilegu gæðakröfum sem gerðar eru til slíkra verkefna (sjá www.svs.is/ahdr). Í nýrri AHDR (AHDR II), sem Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er einnig í forsvari fyrir og lokið verður 2014, verður notast við sömu skilgreiningu arktíska svæðisins. AHDR skilgreiningunni svipar til þeirrar sem vinnuhópar Norðurskautsráðsins CAFF, PAME og AMAP nota.

Akureyri 03.02.2011/



Niels Einarsson
Forstöðumaður
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar